

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Fangelsismálastofnunar ríkisins.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Fangelsismálastofnun ríkisins?*

Lögbundin verkefni Fangelsismálastofnunar ríkisins eru fyrst og fremst tilgreind í lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Fangelsismálastofnunar ríkisins og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárveiting til Fangelsismálastofnunar ríkisins samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020 er 2.211,3 millj. kr. Hvorki er í lögum um opinber fjármál, gildandi fjárlögum frá Alþingi né bókhaldi stofnana gert ráð fyrir að fjárreiður þeirra séu sundurgreindar eftir einstökum lögbundnum verkefnum.